

Ed.

35. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1947 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1947 með 100% viðauka vitagjald, aukatekjur ríkissjóðs, samkvæmt lögum nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastgjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1947.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Lagt er til með frumvarpi þessu, að framlengd verði heimild sú, sem nú gildir samkv. lögum nr. 99 1945 til að innheimta ýmis gjöld með viðauka. Þó er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir, að heimilt sé að innheimta með viðauka allar tekjur ríkissjóðs samkv. aukatekjulögum frá 1921, en í núgildandi lögum nær heimildin aðeins til I.—VI. kafla laganna.